

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Auk þess er lagt hálf íbúðargjald á frístundahús sem innheimt er með sama hætti.

Búrekstraráðilum er gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir ílát undir búrekstrarúrgang, flutning hans og förgun samkvæmt gjaldskrá þessari. Þá er lagt á búfjáreigendur sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið af því að það standi undir kostnaði við förgunina.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og fyrirkomulag móttöku á endurvinnslustöð á Dalvík er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 55.856.
- b) Frístundahús, sorphirðugjald, kr. 27.928.
- c) Í upphafi árs er úthlutað einu klippikorti á íbúð (16 klipp) og sumarhús (8 klipp) sem afhent eru í þjónustuveri Ráðhússins á Dalvík. Notendur þurfa að framvísa klippikortinu til að komast inn á endurvinnslustöðina á Dalvík. Leigjendur verða að nálgast kortin hjá leigusala eða að kaupa sér kort.
- d) Klippið verður fyrir gjaldskyldan úrgang á meðan tekið verður á móti ógjaldskyldum úrgangi án greiðslu. Skylt er að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á endurvinnslustöðina hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan úrgang er að ræða.
- e) Hvert klipp er fyrir 0,25 m³ sem samsvarar 240 l heimilistunnu. Ef kort klárast verður hægt að kaupa aukakort á kr. 13.137.
- f) Rekstraráðilar geta keypt klippikort í þjónustuveri á kr. 31.968 með 16 klipp fyrir 0,25 m³ alls 4 m³.
- g) Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald frá íbúðum og sumarhúsum, svo sem: pappaubúðum, plastumbúðum, hjólbörðum, ýmsum spilliefnum og úreltum ökutækjum.

4. gr.

Úrvinnslugjald vegna úrgangs frá búrekstri og dýraleifa er eftirfarandi:

- a. 240 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði 38.412 kr./ári.
- b. 360 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði 51.218 kr./ári.
- c. 240 lítra endurvinnslutunna losuð einu sinni í mánuði 19.022 kr./ári.
- d. Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hvernar búfjártegundar samkvæmt búfjár-
eftirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir	1.172 kr./grip	Sauðfé og geitfé	215 kr./grip
Hross	460 kr./grip	Grísir	761 kr./grip

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 23. nóvember 2021, er staðfest af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitafélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ákvæði 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2022, um leið fellur eldri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1406/2020 úr gildi.

Samþykkt á fundi byggðarráðs Dalvíkurbyggðar 11. nóvember 2021.

Dalvíkurbyggð, 6. desember 2021.

Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2021